

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 436/1992. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
 gegn
Hjördísi Ingólfssdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1992, sem ásamt kærugögnum barst Hæstarétti 10. sama mánaðar. Krefst hún þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt. Til vara krefst hún þess, að í stað gæsluvarðhalds verði sér einungis bönnuð för úr landi. Til þrautavara er þess krafist, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1992.

Hjördís Ingólfssdóttir, kt. 170148-4799, með lögheimili í Hollandi, en síðast með lögheimili hér á landi að Skólavörðustíg 29 A, Reykjavík, er grunuð um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni með því að hafa flutt hingað til lands tæplega tvö kíló af kannabísefnum. Umrædd fíkniefni fundust í farangri kærðu á Keflavíkurflugvelli í gær við komu hingað til lands frá Lúxemborg. Grunur leikur á, að fleiri aðilar tengist málinu hér á landi, þar sem þær upplýsingar höfðu borist til lögreglunnar fyrr í vikunni, að væntanleg væri til landsins, annaðhvort frá Hollandi eða Lúxemborg, kona, sem aldrei hefði komið

við sögu hjá fíkniefnalögreglunni, og hefði hún meðferðis kannabis-efni.

Brot það, sem kærða er grunuð um, getur varðað hana fangelsi. Rannsókn málsins er á frumstigi. Með því að hætta þykir á, að kærða kunni að torvela rannsókn málsins, ef hún verður látin laus, ber samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að kærða skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. desember nk. kl. 15.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærða, Hjördís Ingólfssdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. desember 1992 kl. 15.00.
